



Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Dagsetning **12. apríl 2024**
Málsnúmer **IRN24030010**

Vísað er til erinda Landsnets frá 1. mars sl. þar sem lagðar eru fram beiðnir um skipan sérstakra raflínunefnda með vísan til 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, vegna annars vegar Holtavörðuheiðarlínu 1 og hins vegar Holtavörðuheiðarlínu 3. Í erindunum er fyrirhuguðum framkvæmdum lýst í stuttu máli og jafnframt markmiðum að baki þeim. Þá kemur fram að unnið sé að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og að Landsnet hafi leitað eftir hugmyndum og ábendingum um línuleiðir í samráði við sveitarfélög, verkefnaráð, landeigendur og almenning. Loks lýsir fyrirtækið því yfir að það muni upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um hinar framkomnu beiðnir.

Í tilvitnuðum erindum Landsnets er hins vegar ekki að finna frekari rökstuðning fyrir því af hverju fyrirtækið telur þörf á því að skipulag vegna umræddra línuframkvæmda verði sett í þennan farveg og þannig tekið úr hefðbundnum skipulagsfarvegi hjá viðkomandi sveitarfélögum skv. meginreglum skipulagslaga. Verður t.d. ekki ráðið af erindunum hvort og þá að hvaða marki sé til staðar ágreiningur við sveitarfélögin eða á milli þeirra um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Áður en tekin verður afstaða til framangreindra beiðna Landsnets er fyrirtækinu því gefinn kostur á að rökstyðja þær með ítarlegri hætti. Hyggst ráðuneytið leita eftir afstöðu umræddra sveitarfélaga til beiðnanna að fengum frekari rökstuðningi og gögnum.

F.h. ráðherra


Hildur Dungal


Ólafur Kr. Hjörleifsson